



1606011

Erindi til Sveitarstjórnar og félagsþjónustu Rangárbíngs ytra

Suðurlandsvegur 1 · 850 HELLU

Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands hefur verið starfrækt að Skólavöllum 1 á Selfossi frá september 2015, einu sinni í viku á föstudögum frá 9-16 eða 36 daga og hefur verið ýmis starfsemi sem snýr að því að vinna með bata sinn, tjá sig um líðan sína og almennt fá stuðning frá jafningjum. Um 300 komur eru á þessum tíma og má það teljast mjög gott miðað við takmarkaðan opnunartíma. Af þessum hópi eru 12 einstaklingar sem hafa sótt miðstöðina í amk 10 skipti og eru konur almennt í meirihluta, þeir sem hafa sótt miðstöðina eru á aldrinum 18 – 75 ára og sækist eftir mismunandi þjónustu, flestir sækjast eftir stuðningi frá jafningjum, að rjúfa einangrun, vinna með sjálfan sig og bata sinn. Þeir sem hafa nýtt sér þjónustuna koma víða að úr Árnes- og Rangárvallasýslum. Kallað hefur verið eftir aukinni opnun og stefnt er að því að geta opnað í haust Batasetur alla daga vikunnar með metnaðarfullri dagskrá sem mun vera að miklu leyti í höndum notenda þjónustunnar ef fjármagn fæst til þess. Í sumar mun Batasetrið einnig vera með starfsemi á miðvikudögum frá 10-14 í húsnæði Hvítasunnukirkjunnar á Selfossi og verður það til reynslu út ágúst.

Geðraskanir eru mjög alvarlegir sjúkdómar og hafa oftár en ekki örorku í för með sér. Á suðurlandi eru samkvæmt talnarýni Sambands Sunnlenskra Sveitarfélaga (SASS) 5,8% sunnlendinga með örorkumat og eru geðsjúkdómar næst algengasta ástæða örorku á þessu svæði eða um 32% og hefur fjölgað um 74% á 10 ára tímabil frá 2005-2015. Þjónusta fyrir þennan hóp er mjög bágborin á þessu viðamikla svæði sem suðurland er og þurfa margir að sækja þjónustu til Reykjavíkur með tilheyrandi umstangi og kostnaði, en sá hópur sem þurfa hvað mest á þessari þjónustu á að halda, hafa ekki efni á því að sækja hana sökum bágs efnahags. Geðlæknar og sálfræðingar eru fáir og þeir sem eru hér eru mjög ásetnir og þeirra þjónusta dýr. Fá úrræði eru í boði fyrir fólk með geðraskanir og því hefur það einangrast og það getur haft í för með sér alvarlegri veikindi og meiri lyfjakostnað ásamt félagslegum vandamálum sem erfitt getur verið að brjótast út úr. Til þess að þeir sem þjást af geðröskun sjái sér fært að sækja þá starfsemi og taka þátt í þeirri hópavinnu sem Geðræktarmiðstöðin býður upp á verður hún að vera gjaldfrjáls því að meirihluti þeirra sem þurfa á þjónustunni á að halda hafa ekki mikið á milli handanna.

Með því að styrkja stöðu Bataseturs Suðurlands væri hægt að hafa opið alla daga vikunnar með metnaðarfullri starfsemi fyrir alla þá sem þyrftu á að halda. Batasetrið stóð fyrir Geðfræðslu í 1. bekk grunnskóla á fyrstu mánuðum 2016 og var farið í fimm heimsóknir þar sem unglingar voru fræddir um geðraskanir, algengi og hvað er hægt að gera ef að þau upplifa erfiðleika, hvort sem það séu þau sjálf eða einhver þeim nákominn, um geðfræðsluna sá Sjöfn Þórarinsdóttir mastersnemi í tólmstunda og félagsmálafræðum sem hefur reynslu af vinnu með unglíngum, hún mun með haustinu taka að sér hóp fyrir ungt fólk á aldrinum 18-25 ára. Einnig er stefnt á að hafa með haustinu hóp fyrir mæður með geðröskun, því að þessir hópar búa við mikla einangrun en þeim hóp mun Anna Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur stjórna. Boðið verður upp á vinnusmiðju í skapandi listum og höfum við fengið til liðs við okkur áhugasaman listamann sem vill gjarnan vera með listasmiðju og gefa vinnu sína en Batasetrið greiðir kostnað við aðföng, mikill áhugi er hjá notendum að nýta sér þetta kostaboð. Aðstandendahópar hafa einnig verið starfræktir og er mikil þörf á fræðslu til aðstandenda og er stefnt á að hafa fræðslufyrirlestra fyrir aðstandendur um geðraskanir og hvernig megi sem best hlúa að sjálfum sér til þess að geta hjálpað aðstandanda sínum sem best. Notendur hafa komið fram með óskir um ýmsa fræðslu og hópavinnu s.s. Námskeið í gerð Bataáætlunar, meðvirknihóp, núvitundarhóp, hóp í Hugrænni Atferlismeðferð, valdeflingarhóp og svo mætti lengi telja.

Forstöðumaður Bataseturs er Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir, hún er menntuð iðjubjálfi og hefur unnið með fólki með geðraskanir frá því hún útskrifaðist frá Háskólanum á Akureyri árið 2012, fyrst hjá Geðheilsu/eftirfylgd og Hugarafli í Reykjavík fram til október 2015 undir handleiðslu Auðar Axelsdóttur iðjubjálfa og frumkvöðuls í vinnu með fólki með valdeflingu og batamódel að leiðarljósi. Frá október sl hefur Jóna Heiðdís helgað sig því að koma á fót geðræktarmiðstöð á suðurlandi og halda námskeið um hvernig megi efla bata sinn í gegnum verkefnavinnu. Jóna Heiðdís hefur einnig persónulega reynslu af geðröskun og hefur það verið talinn mikill kostur að mati þeirra sem sækja þjónustu til hennar þar sem hún hefur aukinn skilning á líðan og getur deilt sinni reynslu öðrum til hjálpar.

Það er von okkar sem að Batasetri Suðurlands standa að þessu erindi verði vel tekið og starfsemi þess styrkt að þeirri upphæð sem farið er fram á.

Sótt er um styrk að lágmarki 200.000.- fyrir árið 2016

1.júní 2016

---

Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir iðjubjálfi

Forstöðumaður Bataseturs

batasetrid@gmail.com